

AÐALFUNDUR HRAUNBÚA

25. 02. 2021

Fundur settur kl: 20:15
Fundi slitið kl: 21:30



Fundur settur – kosning fundarstjóra og fundarritara

Bjarni Freyr Þórðarson setti fundinn og gerði tillögu að Söndru Björk Bragadóttur sem fundastjóra og Hörpu Kolbeinsdóttur sem ritara. Tillagan samþykkt.

Skýrsla stjórnar

Bjarni Freyr Þórðarson kynnti skýrslu stjórnar en skýrslan var einnig í fjölríti á fundinum svo fundargestir gátu kynnt sér efni hennar.

Skýrsla Útilífsskólans, skýrsla Ferðbúans og skýrslur annarra eininga félagsins

Bjarni Freyr Þórðarson las skýrslu Útilífsskólans og skýrslu Ferðbúans. Bjarni hélt lestrinum áfram og las skýrslur sveita og annarra eininga en skýrslurnar voru einnig í fjölríti fyrir fundargesti til aflestrar sem og á stórum skjá í salnum.

Umræður um skýrslur

Engar umræður um skýrslur.

Ársreikningur 2020

Kári Aðalsteinsson gjaldkeri kom í pontu og kynnti ársreikninginn. Reikningurinn var áritaður af skoðunarmönnum skátafélagsins, þeim Elfu Björg Aradóttur og Erni Tryggva Johnsen. Reikningurinn lá frammi í fjölríti fyrir fundargesti og einnig var honum varpað á skjá í salnum.

Umræða um ársreikning

Kári minnti á samþykkt frá síðasta aðalfundi þar sem ákveðið var að nota pening sem er undir liðnum skuld við skáta (bls. 8 í ársreikningi 2019) í sameiginlegan sjóð fyrir landsmót 2020. Þar sem ekki varð af landsmóti 2020 verður peningurinn nýttur í landsmót 2021. Engar frekari umræður urðu um ársreikning og var hann samþykktur.

Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir.

Kynning á nýjum frambjóðendum til stjórnar

Bjarni Freyr hringdi í Begga (Guðvarð Björgvin Fannberg) og bað hann að kynna sig fyrir fundargestum. Beggi kynnti sig bauð sig fram sem meðstjórnanda.

Kosning stjórnar

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn, engin mótframboð. Á fundinum var félagsforingi kosinn til tveggja ára, ritari til tveggja ára, meðstjórnandi til tveggja ára (Eyþór) og meðstjórnandi til eins árs (Guðvarður) þar sem varamaður var kallaður inn í stjórn á síðasta ári. Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn skátafélagsins, engin mótframboð.

Félagsforingi: Bjarni Freyr Þórðarson

Aðstoðarfélagsforingi: Ásrún Jóhannesdóttir

Gjaldkeri: Kári Aðalsteinsson

Ritari: Harpa Kolbeinsdóttir

Meðstjórnendur: Eyþór Orri Óskarsson, Guðrún Stefánsdóttir og Guðvarður Björvin Fannberg Ólafsson

Kosning varamanna

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir varamenn í stjórn, engin mótframboð.

Varamaður 1 – Guðmundur Sigurðsson

Varamaður 2 – Erna Mjöll Grétarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir skoðunarmenn reikninga, engin mótframboð.

Elfa Björg Aradóttir

Örn Tryggvi Johnsen

Kosning í laganevnd

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í laganevnd, engin mótframboð.

Heiður Ýr Guðjónsdóttir

Jón Þór Gunnarsson

Ingólfur Már Grímsson

Kosning þriggja manna í uppstillingarnevnd

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í uppstillingarnevnd, engin mótframboð.

Harpa Hrönn Grétarsdóttir

Guðni Gíslason

Kristján Ingi Þórðarson

Kosning formanns skálanefndar

Guðmundur Sigurðsson var kosinn, engin mótframboð.

Önnur mál

Bjarni kom í pontu og lagði til að félagsgjöld yrðu hækkuð. Hann lagði til að félagsgjöld yrðu 38000kr fyrir dreka-, fálka-, og dróttskátasveitirnar. Harpa Hrönn spurði hvort ekki ætti að skipta gjaldinu og bjóða uppá að borga fyrir sitt hvora önnina. Bjarni kom þá með aðra tillögu um að félagsgjöld yrðu 20000kr fyrir önn en 38000kr ef að skátar skrá sig báðar annir. Tillaga Bjarna var samþykkt.

Ýra (Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir) kom í pontu fyrir hönd heiðursmerkjanefndar. Hún sagði frá því að hún og Una Guðlaugsdóttir eru að vinna reglur og viðmið fyrir heiðursmerkjanefnd til þess að koma þessum málum í betra horf. Ýra kallaði til sín Bjarna Frey Þórðarson og Kára Aðalsteinsson og veitti þeim silfurmerki Hraunbúa fyrir störf sín í þágu félagsins. Eyþór Orri Óskarsson var ekki á fundinum en hann á inni hjá félaginu bronsmerki. Í umræðum um heiðursmerkjanefnd lagði aðalfundur til að stjórn myndi taka til endurskoðunar hvernig félagið skipar í minni nefndir og ráð innan félagsins og athuga hvort þörf sé á lagabreytingu um þessi mál á aðalfundi að ári.

Fundi slitið

Bjarni Freyr Þórðarson, félagsforingi sleit fundinum.

Harpa Kolbeinsdóttir

Ritar fh. Stjórnar